Mánudaginn 29. janúar 1996.

Nr. 49/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Ragnari Símonarsyni
(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 25. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir Hæstarétti hefur varnaraðili lagt fram gögn, sem hann telur sanna, að hann hafi verið á öðrum stað, þegar vopnaðir menn rændu peningum í útibúi Búnaðarbanka Íslands að Vesturgötu 54 í Reykjavík 18. desember 1995. Það þykir þó ekki hnekkja því, að rökstuddur grunur er um tengsl varnaraðila við verknaðinn. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991, að Ragnari Símonarsyni, kt. 100173-4259, Víðihvammi 24, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. janúar 1996 kl. 16:00 vegna grunar um brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn kl. 14.50 í gær. Hann er grunaður um aðild að vopnuðu ráni, sem framið var í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Vesturgötu 54, Reykjavík, 18. desember sl. Þrír menn réðust þá inn í bankann, og var

einn þeirra vopnaður haglabyssu. Þeir voru klæddir bláum vinnusamfestingum, með svartar húfur, sem huldu andlit, þó þannig, að göt voru fyrir augu og munn. Sá, sem var með haglabyssuna, ógnaði fólki í bankanum, en hinir tveir tóku peningaseðla úr peningaskúffum. Mennirnir hurfu síðan á braut með peningana. Rannsókn lögreglunnar hefur leitt í ljós, að mennirnir þrír hafi komið að bankanum í bifreiðinni R-26194, og enn fremur telur lögreglan, að þeir hafi komist undan á bifreiðinni PO-381, sem fannst við Blómvallagötu. Báðum bifreiðunum hafði verið stolið, og voru þær með röngum skráningarnúmerum, sem hafði verið stolið af bifreiðum, er stóðu á bílasölum.

Kærði hefur bæði við skýrslutöku hjá lögreglu og fyrir dóminum neitað því að hafa staðið að ráninu í útibúi Búnaðarbankans 18. desember sl. Hann viðurkennir hins vegar, að hann hafi ásamt þremur nafngreindum mönnum haft uppi áform í haust um að fremja vopnað bankarán. Framburður tveggja þessara manna er á sömu lund. Áform kærða og félaga hans eru mjög í líkingu við það rán, sem lögreglan grunar hann um aðild að. Þótt kærði neiti því, að þeir hafi hrundið áformum sínum í framkvæmd, hefur hann þó lýst því, hvernig þeir félagarnir hófu tilteknar aðgerðir í undirbúningsskyni. Þessi framburður kærða og önnur gögn málsins þykja bendla hann svo mjög við málið, að fallast verður á það með lögreglunni, að grunur hennar um, að kærði sé viðriðinn framangreint rán með saknæmum hætti, sé rökstuddur. Brotið, sem kærði er grunaður um aðild að, varðar við 252. gr. alm. hgl. og gæti því varðað hann fangelsi.

Rannsókn lögreglu á aðild kærða og félaga hans að framangreindu ráni er á frumstigi. Í framburði kærða og tveggja félaga hans kemur ýmislegt fram, sem lögreglan á eftir að vinna úr, svo sem með því að ræða við vitni og menn, sem hugsanlega eru samsekir. Erfitt gæti reynst að sannreyna þessi atriði, ef kærði væri frjáls ferða sinna. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er því fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Úrskurðinn kvað upp Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Símonarson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. janúar 1996 kl. 16.00.